


# Ársskýrsla **2021**

Staðlaráð Íslands



Íslenskir staðlar



©Staðlaráð Íslands  
Pórunnartúni 2  
105 Reykjavík  
Sími: 520 7150  
stadlar@stadlar.is  
www.stadlar.is

**Umsjón og ritstjórn:** Helga Sigrún Harðardóttir  
**Ljósmyndir:** Arngrímur Blöndahl, Ólína Kr. Margeirsdóttir, Silla Páls, Shutterstock©  
**Umbrot og grafísk vinnsla:** Einar Þór Guðmundsson

Ársskýrsla Staðlaráðs er eingöngu gefin út rafrænt.





## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns .....	4
Hugvekja framkvæmdastjóra .....	5

## HLUTVERK OG STJÓRNARHÆTTIR

Stefna Staðlaráðs .....	7
Aðilar að Staðlaráði .....	8
Stjórnin .....	9
Mannauður .....	10

## STARFIÐ INNANLANDS

Staðlabúðin .....	11
Stöðlunarstarf .....	11
Útgáfa .....	12
Staðfesting staðla .....	12
Kynningar- og markaðsstarf .....	12
Sala staðla og annarra gagna .....	12
Byggingarstaðlaráð .....	13
Fagstaðlaráð í fiskimálum .....	14
Fagstaðlaráð í upplýsingatækni .....	14
Rafstaðlaráð .....	15

## ALÞJÓÐLEGT STARF

Evrópustöðlun, CEN, CENELEC, ETSI .....	16
Alþjóðleg stöðlun, ISO, IEC .....	17
Norrænt samstarf, Insta og Norek .....	18



# Auðveldara, öruggara og betra líf

Pó svo að staðlar séu að mestu ósýnilegir í daglegu lífi okkar eru þeir mikilvægur þáttur í því að gera hluti öruggari og betri í heiminum í kring um okkur. Með því að ná þessu getum við stuðlað að bættum lífsgæðum fólks á hverjum degi.

Í yfir hundrað lögum og reglugerðum er vísað í staðla m.a. til að vernda neytendur. Í þeim tilgangi á hluti tryggingargjalds atvinnulífsins að renna til Staðlaráðs. Sú alvarlega staða blasir nú við að á undanförmum árum hafa þessi fjármunir ekki skilað sér til reksturs Staðlaráðs eins og lög gera ráð fyrir. Á sama tíma hefur verkefnum Staðlaráðs fjölgað. Þetta er mikil áskorun bæði stjórnvalda og Staðlaráðs. Sem dæmi um þetta er gerð íslenskra þjóðarviðauka við 58 evrópska þölnönnunarstaðla sem vísað er til í Byggingarreglugerð þar sem ekki hefur verið unnt að fjármagna íslenska aðlögun þessarar staðla sem er nauðsynlegir til að tryggja öryggi fólks.

Í heimi vaxandi óvissu og áskorana hefur aldrei verið meiri þörf fyrir staðla í öllum geirum, ekki síst á sviði upplýsingaöryggis og fjármála. Staðlar, sem traustur grunnur alþjóðlegrar sérfræðiþekkingar, eru einhver bestu tæki sem við höfum til að bæta og auðvelda örugg samskipti. Samskipti stafrænna lausna byggja á stöðlum sem er undirstaða trausts og gagnsæis. En áskoranir aukast stöðugt á sviði upplýsingastjórnunar, gagnastjórnunar og netöryggis. Í þessu sambandi er innleiðing ISO 27001 fyrir stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis og ISO 55001 eignastjórnun auk undirliggjandi staðla, lykilar að stjórnun viðkvæmra upplýsinga og eigna. Staðlar veita fyrirtækjum ekki aðeins samkeppnisforskot, þeir eru einnig nauðsynlegir til að tryggja þróun nýrrar tækni eins og „blockchain“ og stafrænum vegferðum sem auðvelda líf okkar allra.

Víðtæk notkun staðla er grundvallaratriði fyrir sjálfbæra framtíð, þar sem hver og einn þeirra leggur sitt af mörkum á sinn einstaka hátt til að ná fram áætlun Sameinuðu þjóðanna 2030 um sjálfbæra þróun, sem boðar réttlátari, friðsamlegri og farsælli heim fyrir alla, vöxt án aðgreiningar, hreint vatn og aukinn jöfnuð. Staðlar eru mikilvægur hlekkur í leið okkar að sjálfbærri framtíð og byggja staðlar undir öll sautján markmið Sameinuðu þjóðanna.

Staðlar munu ekki einir leysa loftlagsvá, sem er ein stærsta áskorun okkar íbúa jarðar. En loftlagsváin verður vart leyst án aðkomu staðla. Tækniforskrift um kolefnisjöfnun er gott dæmi um aðkomu Staðlaráðs, sem hefur leitt vinnu við að koma á samræmdum skilningi ólíkra atvinnugreina. Þannig er Staðlaráð í lykilhutverki við að tengja saman hagaðila við búa til samhæfðar og virðisaukandi lausnir.

Stjórn Staðlaráðs hittist alls tólf sinnum á síðasta starfsári, oftast í netheimum. Stjórn Staðlaráðs hefur lagt áherslu á stuðning við starfsemina, ráðgjöf og eftirlit með rekstrinum. Meðal verkefna stjórnar var að rýna og samþykkja strategíu Staðlaráðs til 2025 þar sem er að finna vegvísi til framtíðar auk metnaðarfullrar aðgerðaráætlunar. En fjármagn er nauðsynlegt til að hrinda þessum verkefnum í framkvæmd.

Ég vil þakka aðildarfélagum Staðlaráðs fyrir samstarf á árinu, þeim fjölmörgu sérfræðingum atvinnulífsins sem hafa lagt sitt af mörkum til stöðlunarverkefna, stjórnarfólki fyrir sitt framlag og síðast en ekki síst vil ég þakka starfsfólki Staðlaráðs fyrir vel unnin störf árið 2021.

*Kristjana Kjartansdóttir,  
formaður Staðlaráðs Íslands*





# Grunngerð í hættu

*Eins og margir vita eru staðlar hluti af grunngerð samfélaga enda tryggja þeir sammælt viðmið um úrlausn flókinna og sértækra viðfangsefna. Oftast eru staðlar valkvæðir en eru þó í reynd einnig mikilvægur hluti af löggjöf því stjórnvöld um allan heim vísa til staðla í löggjöf til að treysta hana.*

Evrópusambandið hefur nýtt staðla með frábærum árangri til að samræma innri markað í Evrópu, tryggja frjálst flæði vöru milli landamæra og síðast en ekki síst að tryggja heilsu- og neytendavernd. Staðlar eru því gríðarlega mikils virði fyrir stjórnvöld, ekki síst hérlendis þar sem sértækar kröfur staðla byggja á sérfræðiþekkingu atvinnulífsins, sem bæði leggur fram þekkingu og vinnu við gerð staðla án kröfu um endurgjald. Þá eru staðlar almennt taldir stuðla að framleiðslu- og framleiðniaukingu og aukningu á landsframleiðslu þar sem þeir tryggja sammæltar lausnir, viðurkennda verkferla og virkni auk þess sem þeir tryggja auðvitað öryggi og vernd almennings, þ.m.t. neytendavernd.

Til viðbótar við almenna umsjón með staðfestingu staðla, þýðingum, útgáfu og viðhaldi Staðlaskrár með 68.500 stöðlum, rekstri vefverslunar og þátttöku í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi, rekur Staðlaráð fagstaðlaráð á fjórum sviðum auk tveggja fagráða. Það er því eiginlega ekkert í íslensku samfélagi sem okkur er óviðkomandi, hvort sem horft er til mannvirkjageirans, fjármálaþjónustu, innviðaupbyggingar vegna rafbilavæðingar eða þjónustu

við ýmsar stofnanir og fyrirtæki um aðgengi að stöðlum og upplýsingum og fræðslu um staðla. Staðlaráð kemur mjög víða við sögu þó ekki beri mikið á því. Og ónýtt tækifæri til að gera betur liggja víða.

**Mikilvægt er að stjórnvöld hafi góðan skilning á staðla-  
starfi** og styðji við það í samræmi við virði þess. Til langs tíma var ráð fyrir því gert að Staðlaráð fengi í sinn hlut litla umsamda hlutdeild í tryggingagjaldi sem atvinnulífið greiðir hinu opinbera. Eftir einhliða ákvörðun hins opinbera um að fella það fyrirkomulag úr gildi 2011 hafa fjárframlög til staðlastarfs lækkað verulega og eru nú innan við helmingur þess sem Staðlaráð hafði í tekjur 2008, sé fjárhæðin framreiknuð m.v. launavísitölu. Staðlaráð hefur frá upphafi fjármagnað hluta starfsins með sölutekjum og aðildargjöldum. Þær tekjur hafa aukist í takti við aukin umsvif í atvinnulífinu og aukinn áhuga á því að taka þátt í viðhaldi og þróun á sameiginlegum vettvangi hagaðila. Auknar sölu- og aðildartekjur duga því miður skammt til að vega upp á móti tekjutapi sem orðið hefur við millilendingu á framlagi atvinnulífsins í ríkiskassanum.



Áhugaleysi stjórnvalda á því að fjármagna grunninnviði sem felast í stöðlunarstarfi er því orðið verulegt vandamál og hefur alvarleg áhrif á samkeppnishæfni Staðlaráðs og atvinnulífsins alls. Nú er svo komið að Staðlaráði er orðið ómögulegt að sinna sívaxandi þörf innanlands fyrir samráð, samtal, aukna þjónustu, s.s. varðandi þýðingar og fræðslu. Aukið aðgengi að staðlasafninu fyrir kerfislega mikilvæga aðila er einnig í hættu. Þá er ráðinu gert mjög erfitt fyrir að taka þátt í þróun á sviði staðlamála með nágrannalöndunum. Samstarfi sem fram til þessa hefur skilað miklum ávinningi fyrir íslenska hagaðila.

Staðlaráð Íslands, Samtök iðnaðarins og Verkfræðingafélag Íslands lýstu verulegum áhyggjum af fjármögnun stöðlunarverkefna í umsögn um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2022 þar sem ekki hafði tekist að fjármagna verkefnastjórn við endurskoðun íslenskra þjóðarviðauka við 58 evrópska þolhönnunarstaðla þó atvinnulífið greiddi þegar fyrir stærstan hluta þess. Það verkefni er enn ófjármagnað þó það sé risastórt hagsmunamál löggjafans.

Þá má einnig nefna hér að þegar innleiddar eru vöruþjónustur ESB, sem nú telja á þriðja tug, hefur löggjafinn beinlínis sleppt því í velflestum tilvikum að birta yfirlit yfir þá staðla sem vísað er til í löggjöfinni, jafnvel þó lög kveði á um að það skuli gert. Afleiðing þess er að sá hluti regluverksins, tæplega 4.000 staðlar, er Íslendingum og íslenskum fyrirtækjum og stofnunum fallinn og því óaðgengilegur. Það er óásættanlegt fyrir alla hlutaðeigandi.

### **Kröfur hafa aukist verulega til Staðlaráðs**

Staðlaráð tók upp vottað gæðastjórnunarkerfi á árinu 2019 skv. aðildarkröfum að CEN og CENELEC. Kröfur til þátttöku í evrópsku samstarfi hafa einnig verið að aukast þar sem í sífellt meira mæli er kallað eftir samstarfi til að tryggja samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja og opinberrar stjórnsýslu. Ný stefna ESB á sviði staðlamála krefst virkrar þátttöku Staðlaráðs í vinnu vegna hinna evrópsku staðlasamtaka. Þörf fyrir samtal og samvinnu hagaðila er auk þess sífellt að aukast. Má þar nefna tillögur OECD um aukið aðgengi að staðlasafninu til að tryggja samkeppnishæfni byggingariðnaðarins á Íslandi, ráðgjöf og þjónustu um staðla og staðlatengd mál og sammæltar lausnir um sjálfbæra og stafræna þróun þar sem staðlar varða leiðina að árangri.

### **Bætt þjónusta**

Á sama tíma og fjárframlög atvinnulífsins til staðlastarfs hafa verið skert verulega í meðförum hins opinbera hefur Staðlaráð

ráðist í skipulagsbreytingar og umbætur, m.a. á aðgengi að stöðlum, ekki síst til opinberra aðila. Staðlaráð afhenti á árinu 2021 staðla án endurgjalds fyrir milljónir króna til að tryggja að stjórnvöld sem fara með opinbert markaðseftirlit hafi aðgang að kröfum löggjafar sem þeim ber að hafa eftirlit með. Sú staða er einsdæmi meðal nágrannalöndanna. Rekstur Staðlaráðs hefur verið endurskipulagður, almennur rekstrarkostnaður lækkaður, ný vefverslun með auðveldra aðgengi tekin í notkun, afhendingarmáti staðla einfaldaður verulega og starfsmenn hafa tekið á sig sífellt fleiri verkefni til að tryggja þjónustu við viðskiptavinum og hagaðila. Sérstök áhersla hefur verið lögð á þjónustu og samstarf við innlenda hagaðila undanfarin ár, ekki síst opinberar stofnanir, því miður á kostnað erlends samstarfs. Þessar skipulagsbreytingar og áhersla á innanlandsmarkað hefur aukið ánægju og traust til Staðlaráðs sem staðfest hefur verið með gerð reglubundinna þjónustukannana. Betur má ef duga skal og endurskoðuð stefnumótun Staðlaráðs gerir ráð fyrir að þörfum stjórnvalda og atvinnulífsins verði mætt. Það gerist þó ekki að sjálfu sér.

**Þjónustusamningur Staðlaráðs og hins opinbera sætir nú endurskoðun** í fagráðuneyti staðlamála, Menningar- og viðskiptaráðuneytinu. Til þess að mögulegt verði að halda uppi eðlilegri starfsemi sem áfram styður við grunngerð samfélagsins, hagkvæmar, sammæltar lausnir og að áfram verði til sá hluti löggjafar sem sértækar kröfur og viðmið staðla segja til um þarf að gera kröfu um að hlutdeild atvinnulífsins til staðlastarfs skili sér. Lögbundið íslenskt staðlastarf sem unnið er af sjö manneskjum í sex og hálfu stöðugildi, sem margfaldast vegna þeirrar vinnu sem hagaðilar leggja fram, verður ekki lengur rekið fyrir 70 milljónir króna og eitthvað þarf nú undan að láta ef ekki kemur strax til leiðréttingar á framlagi.

**Stöðlun er hagkvæm og skynsöm leið til þess að treysta öryggi, neytenda- og heilsuvernd og leysa flóknar og aðkallandi áskoranir með samhæfðum lausnum. Staðlar eru einnig órjúfanlegur hluti löggjafar sem er gríðarlega mikils virði en verður ekki til úr engu. Staðlaráð Íslands skorar á íslensk stjórnvöld að tryggja fjármögnun ráðsins og einstakra stöðlunarverkefna, íslenskum almenningi, atvinnulífi og stjórnvöldum til góða.**

*Helga Sigrún Harðardóttir,  
framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands*





# Hlutverk og stjórnarhættir

Staðlaráð Íslands er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Umfang og útfærslur staðlastarfs á Íslandi eru skilgreindar í lögum nr. 36/2003, í aðildarkröfum evrópskra og alþjóðlegra staðlasamtaka og í þjónustusamningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið þar sem meðal annars er kveðið á um að Staðlaráð fari með atkvæði Íslands í evrópusamtökunum CEN, CENELEC og ETSI. Auk þess á ráðið aðild að alþjóðasamtökunum ISO, IEC. Helstu verkefni Staðlaráðs eru að hafa umsjón með staðlagerð á Íslandi, aðhæfa og staðfesta evrópska staðla sem íslenska, þá staðla sem leiðir af aðild að erlendu staðlasamstarfi, greiða fyrir því að íslenskum stöðlum verði beitt í opinberri stjórnsýslu og hjá einkaaðilum, stuðla að því að erlendir staðlar sem gagnast íslensku athafnalífi verði staðfestir sem íslenskir staðlar, starfrækja miðstöð stöðlunarstarfs, gefa út staðlaskrá, veita aðgengi að stöðlum, veita fræðslu og upplýsingar um staðla og veita ýmsa þjónustu á sviðum þar sem staðlar koma við sögu.

## Stefna Staðlaráðs

Á árinu 2021 vann starfsfólk Staðlaráðs Íslands að endurnýjun á stefnu ráðsins sem rýnd var og staðfest af stjórn undir árslok. Stefna ráðsins er að vera framúrskarandi og eftirsóttur samstarfsaðili sem gegnir lykilhlutverki við að tengja saman hagsmunaaðila með það að markmiði að búa til einfaldar, samhæfðar og virðisaukandi lausnir á flóknum áskorunum og með því stuðla að frábærum árangri fyrirtekja og stofnana á sviði sjálfbærni, gæða, öryggis og afkomu.

**Markmið okkar er að styrkja samstarf og samráð við stjórnvöld og tryggja fjármögnun lögbundinna verkefna og faglegan stuðning við Staðlaráð**

**Markmið okkar er að auka þekkingu um staðla, gildi þeirra og virði með fræðslu og að bæta upplifun viðskiptavina**

**Markmið okkar er að efla faglegt starf og auka samstarf við aðra fagaðila**

**Markmið okkar er að Staðlaráð sé áhugaverður og eftirsóttur vinnustaður**

**Markmið okkar er að bæta ásýnd og ímynd Staðlaráðs**

Með stefnu sinni leggur Staðlaráð áherslu á hlutverk sitt sem samstarfsvettvang hagsmunaaðila. Í því felst að fóstura og verkefnastýra stöðlunarverkefnum til að leysa áskoranir, ekki síst á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar, í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Það gerum við með því að svara þörf fyrir aukna fræðslu, upplýsingagjöf, samstarf og þjónustu við opinbera aðila og einkafyrirtæki.

Þjónusta Staðlaráðs byggir á þremur meginstölpum; útvegum staðla, verkefnastjórn í innlendu staðlastarfi og upplýsingagjöf- og fræðslu. Þá er Staðlaráð einnig tengiliður við fjölbjóðleg staðlasamtök þar sem sérþekking Íslands nýtist við staðlagerð á heimsvísu.

Í tækninefndum Staðlaráðs starfa okkar bestu og hæfustu sérfræðingar atvinnulífsins á hverju sviði. Þannig eiga bestu viðmið og bestu mögulegu lausnir greiða leið inn í íslenska staðla.

Staðlaráð Íslands starfar eftir vottuðu gæðastjórnunarkerfi skv. ÍST EN ISO 9001:2015.





# Aðilar að Staðlaráði Íslands 2021

Aðild að Staðlaráði eiga 88 fyrirtæki og stofnanir sem mörg hver taka virkan þátt í starfi Staðlaráðs og fagstaðlaráðunum fjórum; Byggingarstaðlaráði, Fagstaðlaráði í fiskitækni, Fagstaðlaráði í upplýsingatækni og Rafstaðlaráði.

Advania  
Alcoa Fjarðaál  
Arion banki  
Arkitektafélag Íslands  
Auðkenni  
Ábyrgar fiskveiðar  
Byggingafélagið Hamar  
Byggingafræðingafélag Íslands  
Efla  
ELKEM Ísland  
Faggildingarsvið Hugverkastofu  
Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð  
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið  
Fjarskiptastofnun  
Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Forsætisráðuneytið  
Framkvæmdasýsla ríkisins  
Geislavarnir ríkisins  
Greiðsluveitan  
Hagar  
Hagstofa Íslands  
Háskóli Íslands  
HS Orka  
HS Veitur  
Húsasmiðjan  
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun  
ICEPRO  
Innviðaráðuneytið  
IÐAN fræðslusetur  
Íslandsbanki

Íslenska kalkþörungafélagið  
Landsbankinn  
Landsnet  
Landspítalinn  
Landsvirkjun  
Límtré Vírnet  
Ljósleiðarinn  
Lota  
Mannvit  
Marel  
Markus Lifenet  
Menningar- og viðskiptaráðuneytið  
Mennta- og barnamálaráðuneytið  
Míla  
Netorka  
Neytendasamtökin  
Neytendastofa  
Norðurorka  
Origo  
Orka náttúrunnar  
Orkuþjarskipti  
Orkusalan  
Orkuveita Reykjavíkur  
Orkuvirki  
Rafiðnaðarsamband Íslands  
Rafmennt  
Raftákn  
Rarik  
Ráður  
Reiknistofa bankanna

Reykjavíkurborg  
Ríkiskaup  
Samband íslenskra sveitarfélaga  
Samgöngustofa  
Samtök atvinnulífsins  
Samtök fjármálafyrirtækja  
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi  
Samtök iðnaðarins  
SART - Samtök rafverktaka  
Seðlabanki Íslands  
Síminn  
Skipulagsstofnun  
Steinsteyppufélag Íslands  
Stofnun Árna Magnússonar  
Strendingur  
Sæplast Iceland  
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Utanríkisráðuneytið  
Vegagerðin  
Veitur ohf  
Verkfræðingafélag Íslands  
Verkhönnun  
Verkís  
Versa vottun  
Vinnueftirlit ríkisins  
Þjóðskrár Íslands  
Þorbjörn  
Össur





*Stjórn Staðlaráðs Íslands 2021-2022; Efsti röð frá vinstri: Egill Viðarsson og Þorvarður Kári Ólafsson. Sigurbjörg Sæmundsdóttir, Helga Jóhanna Bjarnadóttir og Gyða Björg Sigurðardóttir eru fyrir miðri mynd og fremstar eru Kristjana Kjartansdóttir, formaður og Ásdís Sigurðardóttir. Á myndina vantar: Sigurð Másson, varaformann, Emil Sigursveinsson, Kristján Þórarinsson og Ágúst Valgeirsson.*

# Stjórn 2021-2022

Kristjana Kjartansdóttir, formaður, Verkfræðingafélagi Íslands  
Sigurður Másson, varaformaður, Neytendasamtökin

Ásdís Sigurðardóttir, Marel  
Egill Viðarsson, Verkís  
Emil Sigursveinsson, Verkís  
Gyða Björg Sigurðardóttir, Ráði  
Helga Jóhanna Bjarnadóttir, Samtök atvinnulífsins  
Kristján Þorbergsson, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi  
Þorvarður Kári Ólafsson, Þjóðskrá Íslands

Varamenn í stjórn:  
Ágúst Valgeirsson, Advania  
Sigurbjörg Sæmundsdóttir, Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytinu



Íslenskir staðlar






# Mannauður Staðlaráðs

Staðlaráð hafði á að skipa sjö starfsmönnum í árslok 2021 sem margir eiga langan starfsaldur hjá ráðinu. Þar sem starfsemin teygir sig um allt atvinnulífið, inn í stjórnsýsluna og inn í daglegt líf okkar allra eru verkefni margbreytileg. Starfsmenn hafa því allir fjölbreytileg hlutverk á sinni könnu.



*Anna Þóra Bragadóttir,  
sölustjóri og bókari*



*Arngrímur Blöndahl,  
gæðastjóri og ritari  
Byggingarstaðlaráðs*



*Arnhildur Arnaldsdóttir,  
verkefnastjóri*



*Guðmundur Valsson,  
ritari Fagstaðlaráðs í  
upplýsingatækni og Rafstaðlaráðs*



*Haukur Logi Jóhannsson,  
verkefnastjóri*



*Helga Sigrún Harðardóttir,  
framkvæmdastjóri*



*Kristbjörg Richter,  
móttökustjóri*





# Starfið innanlands


Stjórn og starfsmenn Staðlaráðs hafa viðhaldið vottuðu gæðastjórnunarkerfi undanfarin þrjú ár en kerfið var innleitt og vottað skv. aðildarkröfum að CEN og CENELEC. Með því er tryggt að stöðugar umbætur eigi sér stað, að sífellt sé leitað leiða til að gera betur og árangur mældur með hlutlægum mælingum. Stöðugt mat á hagsmunum hagaðila og endurskoðun stefnumótunar er einnig hluti af því verkefni sem rekstur gæðastjórnunarkerfisins felur í sér. Í árslok 2021 var hafist handa við endurskoðun á stefnumótun ráðsins. Framtíðarsýn þess er að vera framúrskarandi óháður og eftirsóttur samstarfsaðili sem leikur lykilhlutverk við að tengja saman hagaðila, búa til samhæfðar og virðisaukandi lausnir og stuðla að nýsköpun og frábærum árangri fyrir tækja og stofnana.

Staðlaráð gerði þjónustukönnun seint á árinu 2021 þar sem mælt var traust til Staðlaráðs, ánægja með starf þess og þjónustu og mat viðskiptavina á einfaldleika við staðlakaup. 850 viðskiptanir og hagaðilar voru í heildarþýði og 300 svöruðu eða um 35%. Svarhlutfall 20 stærstu viðskiptavina Staðlaráðs var mun hærra eða 56%. Helstu niðurstöður benda til þess að ánægja og traust til Staðlaráðs hafi aukist talsvert á undanförunum þremur árum. Þannig hækkaði NPS skor (e. Net Promoters Score) ráðsins um 20% á tímabilinu.

Pegar horft er til 20 stærstu viðskiptavinanna jókst traust til Staðlaráðs úr 75% í 96%, ánægja með einfaldleika við staðlakaup úr 82% í 96% og NPS skor (e. net Promoters Score) hækkaði í þessum hópi um 59%. Starfsfólk Staðlaráðs þakkar þátttakendum svörunina því með henni gefst tækifæri til stöðugra umbóta og að bæta þjónustuna við hagaðila.

## Staðlabúðin

Heildarumfang staðla sem finna má í vefverslun Staðlaráðs telur um 68.000 staðla. Tæp 60% þeirra er alþjóðlegir staðlar, mikið notaðir í milliríkjasamningum, við opinber innkaup, til að tryggja gæði, öryggi og heilsuvernd, tryggja virkni ýmissa kerfa s.s. fjarskipta og á ýmsum sértækum sviðum atvinnulífsins. Um 28.000 staðlar til viðbótar eru s.k. Evrópustaðlar sem eru hluti af evrópskum viðmiðum um allt milli himins og jarðar, þ.a. 4.300 s.k. samhæfðir staðlar sem vegna innleiðingar EES gerða hérlendis verða hluti af íslenskum lagaramma.



## 68.000 gildir staðlar

Um 40.000 alþjóðlegir, valkvæðir staðlar.  
Um 28.000 hluti af regluverki ESB og af þeim 4.300 samhæfðir.  
Auk þess 137 séríslenskir staðlar og önnur stöðlunarskjöl.

## Stöðlunarstarf

Síðla árs 2020 tóku Staðlaráð og Loftslagsráð sig saman um að halda vinnustofu um ábyrga kolefnisjöfnun. Vinnustofusamþykkt ÍST WA 91 var gefin út um mitt ár 2021. Hana er að finna í vefverslun Staðlaráðs þar sem hún er aðgengileg án endurgjalds. Þátt tóku 50 manns frá 32 fyrirtækjum, samtökum og stofnunum auk fulltrúa hins opinbera. Tilgangur vinnustofunnar var að ná fram skýrari heildarmynd af áskorunum, hindrunum, möguleikum og lausnum á sviði ábyrgar kolefnisjöfnunar hér á landi og hefur vinnustofusamþykktin að geyma niðurstöður vinnunnar.

Eftir útgáfu vinnustofusamþykktarinnar var ákveðið að stofna tækninefnd og freista þess að ná fram sammæli um það hvernig unnt væri að nota alþjóðlega staðla til að byggja kröfusettt um kolefniseiningar og sammæli um aðferð við að mæla losun gróðurhúsalofttegunda. Tilgangurinn er að sammælast um viðmið, m.a. til að unnt sé að koma á markaði með kolefniseiningar sem sannreynt hefur verið að hafi orðið til eða verði til í framtíðinni s.s. með endurheimt votlendis, skógrækt eða með öðrum aðferðum. Stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki um mitt ár 2022 með útgáfu tækniforskriftar sem segir til um það hvernig nota megja alþjóðlega staðla til að mæla raunverulega kolefnisjöfnun en notkun þess hugtaks var m.a. eitt áhyggjuefnanna sem skilgreint var í upphafi.

Staðlaráð tók á árinu, ásamt fleirum íslenskum aðilum, þátt í Evrópuverkefni um þróun nýrrar þýðingarvélar Evrópusambandsins.

### Útgáfa

Ef frá er talin reglubundin útgáfa íslenskra staðla og annarra stöðlunarskjala frá CEN, CENELEC og ETSI, þá voru eftirtaldir staðlar og stöðlunarskjöl gefin út á vegum Staðlaráðs á árinu:

- *ÍST 51:2021 Byggingarstig húsa*
- *ÍST WA 91:2021 Vinnustofusamþykkt - Ábyrg kolefnisjöfnun*  
*ÍST HB 200:2021 Raflagnir bygginga - handbók*
- *ÍST HB 211:2021 Spennujöfnun raflagna í iðnaði - Þýdd handbók frá Svenska institutet för standarder*
- *ÍST WA 304:2021 Landtengingar skipa*
- *ÍST TS 236:2021 Rafrænt reikningaferli - innleiðing á PEPPOL BIS Billing 3.0 og EN 16931*
- *ÍST TR 237:2021 Viðhaldsferlar skeytaskilgreininga*
- *ÍST TS 239:2021 EDI2XML möppun fimm verslunarskeyta*
- *ÍST WA 302:2021 Leiðbeiningar um öruggari notkun tækja á hlutanetinu (IoT)*
- *ÍST TS 311:2021 Tækniforskrift - Yfirlit debet og kreditkorta*
- *ÍST TS 312:2021 Tækniforskrift - Gengi gjaldmiðla*
- *ÍST TS 313:2021 Tækniforskrift - Erlendar greiðslur*
- *ÍST TS 314:2021 Tækniforskrift - Rafræn skjöl*

### Staðfesting staðla

Staðfestingarnefnd starfar á vegum stjórnar og sér um að staðfesta staðla. Í nefndinni situr stjórnarmaður Staðlaráðs Þorvarður Kári Ólafsson og tilnefndur fulltrúi frá umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneyti, Hafsteinn Pálsson. Varamaður er Emil Sigursveinsson stjórnarmaður Staðlaráðs.

Á árinu 2021 voru staðfestir 1.668 íslenskir staðlar og 1.077 staðlar voru felldir úr gildi. Frumvörp, auglýst til umsagnar, voru 2980 talsins. Í lok ársins 2021 voru 30.049 staðlar í gildi á Íslandi sem skiptast í eftirtalda flokka:

CEN og CENELEC stöðlunarskjöl = 14750  
CEN og CENELEC stöðlunarskjöl sem tengjst ISO og IEC = 11729  
ETSI = 3415  
Annað = 155  
Hér er um að ræða séríslenska staðla og aðra staðla sem ekki eiga rætur til evrópusamtakanna CEN og CENELEC.

Þá er Staðlaráð Íslands beintengt gagnagrunnum ISO og IEC sem bjóða upp á tugi þúsunda staðla til viðbótar svo heildarframboð gildra staðla og annars konar stöðlunarskjala

í vefverslun Staðlaráðs er um 68.500 staðlar. Þess utan er þar að finna um 3.000 frumvörp að stöðlum sem eru í auglýsingarferli og um 40.000 eldri staðla og stöðlunarskjöl sem felld hafa verið úr gildi. Þar ættu því allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

### Kynningar- og markaðsstarf

Tekin var í notkun ný heimasíða og ný vefverslun í desember 2020. Með því var aðgengi að upplýsingum og stöðlum bætt verulega þar sem staðlar eru nú afhentir á pdf sniði eingöngu.

Framkvæmdastjóri og ritarar fagstaðlaráða og eftir atvikum verkefnastjórar eiga í reglulegu samstarfi við ýmsa hagaðila. Í því felst talsvert kynningar- og markaðsstarf. Starfsfólk Staðlaráðs tekur þátt í ráðstefnum eftir efnun og aðstæðum og heldur erindi og kynningar á margvíslegum vettvangi, svo sem fyrir faghópa og nemendur í skólum.

Staðlaráð og Endurmenntun Háskóla Íslands gerðu með sér samstarfssamning um námskeiðahald á árinu sem felst í góðu samstarfi um námskeið um einstaka staðla. Fjöldi námskeiða hefur verið haldinn um einstaka stjórnunarkerfisstaðla, jafnlaunastaðalinn, lýsingarstaðla og staðla um innri úttektir. Þá er á dagskrá námskeið um CE merkingar véla, svo eitthvað sé nefnt.

Staðlaráð hefur leitast við að útbreiða og auðvelda notkun staðla með nýjum samningum um aðgengi að staðlasafninu við háskóla, opinbera aðila sem fara með markaðsgæslu á ýmsum vörum og samtök í ýmsum atvinnugreinum. Starfsmenn Staðlaráðs hafa einnig haldið erindi um staðlastarf í hinum ýmsu deildum háskólanna og tekið þátt í þróunarstarfi þeirra um ný námskeið.

Stefnt er að útgáfu almenns fræðsluefnis um staðla og staðlatengd málefni til að auka þekkingu á virði og mikilvægi staðla sem hluti af grunngerð samfélagsins.

Fagstaðlaráð skila sérstökum skýrslum um starfsemi sína þar sem nánar er greint frá kynningarverkefnum og viðburðum.

### Sala staðla og annarra gagna

Af einstökum gögnum voru þessi söluhæst, miðað við fjölda eintaka:

- *ÍST 30: 2012 Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir*
- *ÍST 51:2001 Byggingarstig húsa*
- *ÍST HB 200:2021 Rafmagnsöryggispakkinn\**
- *ÍST 150:2009 Raf- og fjarskiptalagnir/Íbúðir*
- *ÍST 151:2016 Fjarskiptalagnir í íbúðarhúsnæði*
- *ÍST 85:2012 Jafnlaunakerfi, kröfur og leiðbeiningar*
- *ÍST EN ISO 9001:2015 Gæðastjórnunarkerfi - kröfur*
- *ÍST 50:1998 Flatarmál og rúmmál bygginga*
- *ÍST 35:2018 Samningsskilmálar um hönnun og ráðgjöf*

Þá var talsverð eftirspurn eftir einstökum evrópustöðlum sem m.a. varða CE merkingar.

\*Fjöldi nemenda í rafiðnum var veittur aðgangur að *ÍST HB 200:2021, þeim að kostnaðarlausu, samkvæmt samningi Staðlaráðs og Rafmenntar. Þá hafa félagar í Samtökum rafverktaka (SART) nú einnig aðgang að helstu stöðlum skv. samningi þar um.*





## Byggingarstaðlaráð (BSTR)

Byggingarstaðlaráð vann að margbreytilegum verkefnum á árinu. Hluti verkefnanna var unninn í íslenskum vinnuhópum og hluti í samstarfi við Norðurlöndin. Mikilvægt er að viðhalda og endurskoða gildandi séríslenska staðla og huga að nýjum verkefnum samhliða vinnu að verkefnum sem þegar eru í vinnslu. Byggingarstaðlaráð fylgist með stöðlun á Evrópuvettvangi. Þegar slík stöðlun varðar íslenska hagsmuni leitast Byggingarstaðlaráð við að upplýsa þá hér á landi sem kunna að eiga hagsmuna að gæta. Dagleg upplýsingagjöf til viðskiptavina Staðlaráðs er einnig talsverður þáttur í starfsemi.

### Stjórn Byggingarstaðlaráðs skipa:

*Egill Viðarsson, formaður, Verkís  
Ástgeir Rúnar Sigmarsson, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun  
Friðrik Á. Ólafsson, Samtökum iðnaðarins  
Guðrún Þóra Garðarsdóttir, Vegagerðinni  
Hafsteinn Pálsson, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti*

Breytt skipan ráðuneyta varð um síðustu áramót þegar breytingar á Stjórnarráðinu leiddu til þess að ábyrgð Félagsmálaráðuneytisins til undanfarinna fjögurra ára, sem fagráðuneyti mannvirkjamála, færðist yfir til nýs Innviðaráðuneytis. Talsvert samspil er þó enn við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið sem fór með málaflokkinn þar á undan, einkum varðandi orkunýtingu og endurvinnslu byggingarefna.

Fjöldi sérfræðinga sem starfa fyrir stofnanir ríkisins og einkafyrirtæki leggja fram verðmæta sérfræðipækkingu og talsverða vinnu á ári hverju, án endurgjalds. Má þar nefna, að öðrum ólöstuðum, fulltrúa Vegagerðarinnar, Vinnueftirlitsins, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, BM Vallár, Steinsteypufélagsins, Verkís, Eflu, Mannvits, Örug, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, auk fulltrúa fagráðuneyta í viðkomandi málaflokki.

Meðal þeirra stöðlunarverkefna sem unnin voru á vettvangi ráðsins á árinu 2021 eru;

Endurskoðun lauk á ÍST 51 um byggingarstig húsa og var staðallinn gefinn út um mitt ár. Talsverðri vinnu, bæði

ritara Byggingarstaðlaráðs en ekki síður sérfræðinga úr atvinnulífinu, hefur verið varið í undirbúning á endurskoðun íslenskra þjóðarviðauka við 58 evrópska þölnunarsaðla. Verkefnastjórn þess verkefnis er þó enn ófjármögðuð af hálfu hins opinbera, rúmum tveimur árum eftir að undirbúningur þess hófst. Framhald þess verkefnis er því óljóst og hætt við að þau fyrirtæki og stofnanir sem lagt hafa verkefninu lið með vinnu og sérfræðipækkingu leggi niður frekari vinnu við það innan tíðar.

Mikilli vinnu hefur verið varið í skoðun á gerð staðals um lágorkuhús en starfandi var undirbúningshópur um það verkefni. Enn er óljóst hvort og þá hvenær af slíkri vinnu verður.

Á sameiginlegum vettvangi Norðurlandanna (INSTA) hefur verið unnið að stöðlun tengdum lyftum, plastpípum, útlitsflokkun á timbri í burðarvirki og áður nefndum þölnunarsaðlum sem eru sameiginlegir fyrir alla Evrópu.

Þá er einnig unnið að samstarfi við Steinsteypufélagið um þýðingu á evrópskum staðli um tæknilýsingar, eiginleika, framleiðslu og samræmi steinsteypu og til skoðunar eru athugasemdir sem fram komu við auglýsingu á frumvörpum staðla um skráningu á fjölda herbergja í íbúðum og skráningu hæða og hæðar á byggingum. Byggingarstaðlaráð hefur einnig átt gott samstarf við HMS vegna útgáfu á leiðbeiningum um CE merkingar byggingarvara.

### Til skoðunar eru spennandi verkefni:

- Um endurbætur á ÍST 66 um varmatap húsa
- Gerð staðals um stiga og stigahús í byggingum
- Þýðingu á ÍST 35:2012 yfir á ensku
- Samráð um hugsanlega þörf fyrir endurskoðun ÍST 30:2012

Byggingarstaðlaráð hélt fræðslufundi í samstarfi við Verkfræðingafélag Íslands um samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins á vormánuðum 2022 um Borgarlínu.





### Fagstaðlaráð í fiskimálum (FIF)

Starf FIF hefur þann tilgang að taka þátt í starfi alþjóðlegrar tækninefndar, ISO/TC 234 og gæta hagsmuna íslensks sjávarútvegs og fiskeldis í því staðlastarfi.

Aðild að FIF eiga fimm aðilar.

#### Framkvæmdaráð FIF skipa:

*Kristján Þórarinnsson, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, formaður*

*Finnur Garðarsson, Ábyrgar fiskveiðar ses,*

*Ásta Einarasdóttir, matvælaráðuneytið,*

*Björn Margeirsson, Sæplasti Iceland*

*Hildur Hauksdóttir, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi,*

Lítill sem engin starfsemi var hjá Fagstaðlaráði í fiskimálum á árinu 2021 en fylgst var áfram með störfum tækninefndarinnar hjá ISO.

### Fagstaðlaráð í upplýsingatækni (FUT)

Frá síðasta vorkundi á árinu 2021 hefur framkvæmdaráð FUT haldið 4 fundi og einn fund með formönnum tækninefnda.

Aðilar FUT eru 29 talsins og á vegum FUT störfuðu á tímabilinu 5 tækninefndir að 9 útgáfuverkefnum sem enn eru í vinnslu, 2 í undirbúningi og eitt verkefni er á hugmyndastigi. Lokið var við 3 verkefni.

#### Framkvæmdaráð FUT 2021 skipuðu:

*Þorvarður Kári Ólafsson, Þjóðskrár Íslands, formaður*

*Ágúst Valgeirsson, Advania, varaformaður*

*Ástríður Elín Jónsdóttir, fjármála- og efnahagsráðuneytinu*

*Fjola María Ágústsdóttir, Samtök sveitarfélaga, aðalmaður*

*Jóhann Þorvarðarson, Landsbankanum, aðalmaður*

*Jóhannes Eyfjörð, Samtökum iðnaðarins, varamaður*

*Ingþór Guðni Júlíusson, Reiknistofu bankanna, varamaður*

Tugir sérfræðinga úr atvinnulífi og stjórnsýslu koma að verkefnum FUT. Þátttakendurnir leggja mikinn metnað í að ná sammæli um bestu aðferðir hverju sinni.

### Helstu verkefni FUT á árinu 2021 voru:

TN-FMP, tækninefnd um fjármálaþjónustu, vinnur að metnaðarfullri innleiðingu á IOBWS 3.0 Iceland Open Banking Web Services þar sem fylgt er viðmiðum staðals frá Berlin Group.

TN-GRV, tækninefnd um grunngerð rafrænna viðskipta lauk útgáfu á TS 236 Rafrænum reikningi, TS 239 Rafrænum verslunarskjölum og TR 237 Rafrænum verslunarskjölum. Þá er í vinnslu verkefni um viðhald skeytaskilgreininga.

TN-UPV, upplýsingaöryggi og persónuvernd gaf út íslenska þýðingu á ÍST ISO 27701:2021 Öryggisaðferðir – viðbætur við ÍST EN ISO 27701:2017 og ÍST EN ISO 27702:2017 fyrir stjórnunarkerfi um persónuvernd og undirbýr nú endurskoðun á þýðingu á ISO/IEC 27000 og ISO/IEC 27002 auk þess að fylgjast með ISO/IEC JTC1 SC 27 IT Security techniques og CEN/CENELEC JTC 2 Cybersecurity and Data Protection.

TN-TþJ, tækninefnd um traustþjónustu, vann að TS 146 - Innihald almennra rafrænna skilríkja, aðstoð við innleiðingu eIDAS og TR 301 Kortaskilríkjum.

TN-IoT, tækninefnd um hlutanet gaf út WA 302 - Vinnustofusambýkkt um IoT á Íslandi og öryggismál og í vinnslu er framhald á þeirri vinnustofu.

VH1 Trustworthiness. Stofnaður var nýr vinnuhópur til að fylgjast með stöðlun á sviðinu, þýðingu hugtaksins og stefnt er að því að halda vinnustofu um þetta nýja málefni upplýsingatækninnar.

Erlent starf var hefðbundið á árinu, skugganefndir fylgjast með störfum nokkurra nefnda og ritarinn fylgist með störfum ISO IEC JTC1 með þátttöku á Plenary fundum sem að þessu sinni voru fjárfundir.





### Rafstaðlaráð (RST)

Rafstaðlaráð vann að fjölbreyttum verkefnum á árinu 2021 og hélt stjórnin 10 fundi. Á haustfundi ráðsins, sem haldinn var í húsnæði Verkfræðingafélags Íslands þann 27. október 2021 voru verkefni ráðsins kynnt og erindi flutt um RARIK og loftslagsmál, Veitur og loftslagsmál og erindi um landtengingu fiskipskipa á Íslandi. 70 manns mættu á fundinn.

Ritari Rafstaðlaráðs er Guðmundur Valsson.

### Framkvæmdaráð Rafstaðlaráðs 2021 skipaðu:

Emil Sigursveinsson, Verkís, formaður  
Einar Falur Zoega Sigurðsson, Landsneti  
Svanur Baldursson, Mílu  
Eyþór Kári Eðvaldsson, RARIK  
Fríða Rakel Linnet, Veitum

Rafstaðlaráð viðheldur útgáfu á ÍST HB 200, íslenski þýðingu ÍST HD 60364 staðlaraðarinnar.

Ritari Rafstaðlaráðs situr í tækniráði CENELEC BT. Hann situr einnig aðalfundi IEC og í samstarfsvettvangi Norður-landanna, NOREK.

Virkar tækninefndir á árinu 2021 voru;

- Tækninefnd um raflagnir bygginga NTC64,
- Tækninefnd um endurskoðun staðals ÍST 150 Raflagnir fyrir íbúðarhúsnæði - Gerð, staðsetning, lagnaleiðir og fjöldi tengistaða

- Tækninefnd TN-ITR um innviði og tengistaði rafbíla
- Tækninefnd ÍST 151 -Fjarskiptalagnir
- Tækninefnd NTC11 - Háspennulínur
- Skugganefnd NTC 64 Raflagnir bygginga
- RST-SH 200 Stýrihópur um útgáfu ÍST HB 200
- VH2 Vinnuhópur Orðalistar HB 200
- Vinnustofa VS6 Landtengingar skipa
- Vinnustofa VS5 Snjallborg og staðlar

Á starfsáætlun ársins 2022 eru eftirfarandi verkefni á rekstraráætlun:

- Umsjón Rafstaðlaráðs
- VS-6 Landtengingar skipa
- SH Rafmennt
- VH Orðalistar í ÍST HB 200
- YP IEC þátttaka - ungt fagfólk
- RST Erlent samstarf [RSTI02]
- RST NOREK þátttaka [RSTI03]
- RST IEC þátttaka [RSTI04] -GM2022 og NC secretary forum
- TN ITR [RSTK01]
- TN-150 Endurskoðun ÍST 150
- HB 200-Tekjur, styrkir og framlög [RSTL01]

# Evrópustöðlun

Þátttaka í evrópsku staðlastarfi er veigamesti hlutinn af verkefnum Staðlaráðs. Með aðild að evrópsku staðlasamtökunum CEN (e. European Committee for Standardization) CENELEC (e. European Committee for Electrotechnical Standardization) og aukaaðild að ETSI (e. The European Telecommunication Standards Institute) er Staðlaráð skuldbundið til að gera Evrópustaðla (EN) að íslenskum stöðlum og auglýsa frumvörp og nýja staðla samkvæmt reglum samtakanna. Auglýsingarnar eru birtar í Staðlatíðindum sem eru öllum aðgengileg á heimasíðu Staðlaráðs, [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is).

Undanfarin tvö ár hafa allir fundir CEN og CENELEC verið haldnir rafrænt. Framkvæmdastjóri hefur sótt aðalfundi þeirra og ritarar fagstaðlaráða tækniráðsfundi. Framundan er samráðs- og þróunarferli aðila að CEN og CENELEC sem snýst um útfærslu samtakanna á nýrri stefnu ESB á sviði staðlamála og auknum kröfum til staðlasamtaka vegna hennar. Mikilvægt er að Staðlaráð Íslands gæti hagsmuna Íslands á þeim vettvangi þar sem þarfir og áskoranir á okkar litla markaði endurspeglar ekki endilega stöðu á stærri mörkuðum.

2163 virkar nefndir störfuðu á vegum CEN í lok árs 2021, þ.a. 332 tækninefndir, 75 vinnustofur, 1530 vinnuhópar og fjöldi annarra undirnefnda og samvinnuverkefna á milli staðlasamtaka. Heildarfjöldi gildra staðla og annarra stöðlunarskjala frá CEN var 18.003. Þar af voru 1.056 gefin út 2021. Um áramót voru 3.185 stöðlunarskjöl í vinnslu. Staðlaráð er ekki í stakk búíð til að fylgjast með öllum verkefnum á vegum CEN en innlendir sérfræðingar í hundraða tali fylgjast með störfum evrópskra tækninefnda á hverjum tíma. Á sviðum þar sem íslenskir faghópar eru starfandi er fylgst með verkefnum sem mest þykja snerta

íslenska hagsmuni og virk þátttaka er fyrst og fremst á sviðum byggingariðnaðar og upplýsingatækni. Með þessu er haldið uppi lágmarks hagsmunagæslu með sem minnstum tilkostnaði.

Árið 2021 voru 405 tækninefndir og vinnuhópar starfandi á vegum CENELEC. Fjöldi gildra staðla og annarra stöðlunarskjala frá CENELEC var í árslok 8.055 en 567 nýir staðlar voru gefnir út á árinu. Stór hluti þeirra, eða um 80% var ýmist samhljóða eða byggði á gögnum frá IEC. Staðlaráð, í samvinnu við Rafstaðlaráð, gætir íslenskra hagsmuna á raftæknisviðinu. Aðilar innan Rafstaðlaráðs fylgjast sérstaklega með störfum u.þ.b. þrjátíu nefnda CENELEC og fá send nefndagögn þeirra. Starfsmaður Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar situr í tækninefnd CENELEC um raflagnir bygginga (TC 64) fyrir hönd Staðlaráðs. Þá tekur starfsmaður Staðlaráðs þátt í vinnuhópum á vegum CENELEC eftir því sem tilefni gefst til.

Staðlafrumvörp frá fjarskiptastaðlasamtökunum ETSI eru auglýst til umsagnar jafnóðum og þau berast og Evrópustaðlar frá ETSI eru staðfestir sem íslenskir staðlar. Að öðru leyti tekur Staðlaráð ekki þátt í störfum ETSI, heldur hin íslenska fagstofnun Fjarskiptastofa. Í árslok 2021 var fjöldi gildra íslenskra staðla frá ETSI er 3.469 en heildarfjöldi ETSI staðla er 22.600.







# Alþjóðleg stöðlun

Aðild Staðlaráðs að Alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO (e. International Organization for Standardization) felur ekki í sér skuldbindingu um að ISO-staðlar séu gerðir að íslenskum stöðlum. ISO staðlar eru hins vegar alþjóðlegir og eru því hryggjarstykki í rekstri margra íslenskra fyrirtækja. Fagstaðlaráð í fiskimálum, FIF, tekur virkan þátt í tækninefnd ISO á sviði fiskveiða og fiskeldis. Tveir af aðilum Staðlaráðs, Markus Lifenet ehf og Össur hf, eru einnig virkir í störfum tækninefnda ISO, hvor á sínu sviði. Framkvæmdastjóri Staðlaráðs sækir jafnan aðalfund ISO.

Aðildarlönd ISO voru 167 talsins í lok ársins. Á vegum samtakanna störfuðu á fjórða þúsund tækninefndir með fjölmörgum undirnefndum og vinnuhópum. Fjöldi ISO-staðla og stöðlunarskjala er nú 24.200.

Staðlaráð Íslands er aukaaðili að Alþjóða raftækniráðinu IEC (e. International Electrotechnical Commission) og sóttu tveir starfsmenn Staðlaráðs rafrænan aðalfund þess á haustmánuðum. Aukaaðilum er heimil takmörkuð þátttaka í störfum tækninefnda samtakanna og er Staðlaráð skráð sem þátttakandi í einni nefnd. Samkvæmt sérstöku samkomulagi IEC og CENELEC eru fjölmargir IEC-staðlar gefnir út samtímis sem Evrópustaðlar og eru því gerðir að íslenskum stöðlum.

Aðildarlönd IEC eru samtals 88. Árið 2021 störfuðu 211 tækninefndir og undirnefndir á vegum IEC auk tæplega 1600 vinnuhópa af ýmsu tagi. Heildarfjöldi útgefna IEC-staðla og annarra stöðlunarskjala var 11.210 í árslok, þar af voru 808 gefin út á árinu 2021.





# Norrænt samstarf INSTA og NOREK

Staðlastofnanir Norðurlandanna hafa með sér töluvert samstarf sem felst að mestu í gagnkvæmri upplýsingagjöf, samræmingu á framþróun í staðlastarfi og samræmingu afstöðu til ýmissa mála innan evrópsku og alþjóðlegu staðlasamtakanna, eftir því sem tilefni er til. Á árinu 2021 áttu Norðurlöndin með sér samstarf um að ráðast í þarfagreiningu meðal norrænna sveitarfélaga og annarra hlutaðeigandi á þörf fyrir stöðlun á sviði loftslagamála. Verkefnið var kostað af sænska utanríkisráðuneytinu. Samstarf norrænu rafstaðlastofnananna kallast NOREK en almennu staðlastofnananna INSTA. Að undanförunu hefur norræna samstarfið undir merkjum INSTA verið víkkað út og

staðlasamtök Austurríkis og Hollands slegist í hópinn til að styrkja enn frekar stöðu smærri þjóða í Evrópusamstarfinu. Framkvæmdastjórar þessara staðlasamtaka og eftir atvikum aðrir starfsmenn, funda fjórum til fimm sinnum á ári, oft í tengslum við aðra viðburði. Íslendingar hafa oft en ekki notið góðs af samstarfinu þar sem ýmsar lausnir sem unnar hafa verið hjá nágrönnum okkar hafa nýst sem fyrirmyndir hérlandis. Því miður hefur smæð Staðlaráðs og skortur á fjármunum komið í veg fyrir að unnt hafi verið að taka þátt í samstarfi um stafræna þróun og úrvinnslu annarra flókinna áskorana. Ónýtt tækifæri liggja því víða.



# **Staðlaráð Íslands**

---

Ársreikningur

---

**31.12.2021**

Staðlaráð Íslands  
591193-2019  
Þórunnartúni 2  
105 Reykjavík

---

# Staðlaráð Íslands

---

Ársreikningur

---

**31.12.2021**

## Efnisyfirlit

Áritun endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7-10

---



# Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og framkvæmdastjóra Staðlaráðs Íslands

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Staðlaráðs Íslands fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrar- og efnahagsreikning, og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021 og efnahag þess 31. desember 2021 í samræmi við lög um ársreikninga og ríkjandi reikningssskilareglur.

## Grundvöllur að álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Staðlaráði Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum okkur hafa aflað nægilegra og viðeigandi gagna við endurskoðunina til að byggja álit okkar á.

Án þess að gera fyrirvara um það í áritun okkar, vekjum við athygli á umfjöllun í skýrslu stjórnar er varðar það að þjónustusamningur sem Staðlaráð hefur haft við Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, nú Menningar- og viðskiptaráðuneytið, rennur út í árslok 2022. Ekki hefur verið gengið endanlega frá nýjum þjónustusamningi, en unnið er að endurnýjun hans.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn félagsins og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi þess og upplýsa eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreiknings

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og í kjölfarið gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, miðað við þær aðferðir, sem beitt er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, en ekki trygging þess að endurskoðunin leiði til uppgötvunar allra verulegra skekkja, sem gætu verið til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Í tengslum við endurskoðun framkvæmum við eftirfarandi:

- Greinum og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem hún helgast af mistökum eða sviksemi. Hönnun og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við framangreindri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. *Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.*
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar, sem og veruleg atriði er komu upp við endurskoðunarvinnu okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Reykjavík 28. apríl 2022

Endurskoðun Skattur & Bókhald ehf.

  
Egill Helgason,  
endurskoðandi

Við kjörmir skoðunarmenn Staðlaráðs Íslands höfum yfirfarið ársreikning ráðsins fyrir árið 2021 og höfum ekki athugasemdir fram að færa hvað hann varðar. Með vísan til áritunar endurskoðanda hér að framan leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík 28. apríl 2022

Guðmundur V. Friðjónsson

Steinunn Sigvaldadóttir



## Skýrsla stjórnar

Staðlaráð Íslands (Staðlaráð) er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Ráðið starfar á grundvelli laga nr. 36 2003 um Staðla og Staðlaráð Íslands. Þá hefur Staðlaráð í samræmi við framangreind lög, sett sér starfsreglur, sem staðfestar hafa verið af ráðherra.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Staðlaráðs Íslands koma fram í ársreikningi þessum fyrir árið 2021 allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Afkoma ráðsins á árinu 2021 var jákvæð sem nemur kr. 0,3 milljónum, samanborið við kr. 6,8 milljóna jákvæða afkomu árið áður. Í árslok námu heildareignir félagsins kr. 82 milljónum og eigið fé kr. 59 milljónum. Hvað aðrar breytingar á eigin fé varðar, vísast í ársreikning ráðsins.

Á árinu störfuðu að jafnaði um 7 starfsmenn hjá Staðlaráði og námu launagreiðslur kr. 76 milljónum.

Staðlaráð hefur haft þjónustusamning við Atvinnu og nýsköpunarráðuneytið, sem nú heitir Menningar- og viðskiptaráðuneytið, fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2022. Unnið er að endurnýjun samnings við Menningar og viðskiptaráðuneytið.

Stjórn og framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík 28. apríl 2022

Í stjórn

Kristjana Kjartansdóttir

Ásdís Sigurðardóttir

Kristján Þórarinsson

Egill Viðarsson

Emil Sigursveinsson

Þorvarður Kári Ólafsson

Gyða Björg Sigurðardóttir

Helga Jóhanna Bjarnadóttir

Sigurður Mátsson

Framkvæmdastjóri

Helga Sigrún Harðardóttir

## Rekstrarreikningur 2021

	Skýr.	2021		2020
<b>Tekjur</b>	4			
Framlög á fjárlögum.....		70.000.000		70.000.000
Önnur framlög.....		36.172.651		45.642.086
Aðildargjöld.....		17.417.000		15.109.000
Sölu tekjur.....		35.251.575		33.013.894
Tekjur samtals		158.841.226		163.764.980
 <b>Rekstrarkostnaður</b>				
Efni og aðkeypt vinna.....		28.838.591	18%	29.828.519 18%
Laun og launatengd gjöld.....	5	95.886.985	60%	86.876.696 53%
Annar rekstrarkostnaður.....		32.776.359	21%	40.628.671 25%
Afskriftir.....	7	988.039	1%	0 0%
Rekstrarkostnaður samtals		158.489.974	100%	157.333.886 96%
 <b>Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....</b>		351.252		6.431.094
Vaxtatekjur.....		121.664		206.916
Vaxtagjöld.....		0		-3.585
Gengismunur.....		-142.471		186.533
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld) samtals		-20.807		389.864
 <b>Afkoma ársins.....</b>		330.445		6.820.958



## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	7	1.834.930	0
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>1.834.930</u>	<u>0</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir.....		0	69.350
Fyrirframgreiðslur.....		261.889	1.455.270
Viðskiptakröfur.....	8	5.473.540	7.292.934
Handbært fé.....	9	74.324.622	73.137.954
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>80.060.051</u>	<u>81.955.508</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>81.894.981</u></u>	<u><u>81.955.508</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
	10		
Varasjóður.....		15.000.000	12.633.333
Óráðstafað eigið fé.....		44.959.034	46.995.256
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>59.959.034</u>	<u>59.628.589</u>
<b>Skuldir</b>			
Fyrirfram innheimtur.....		5.833.333	4.003.677
Viðskiptaskuldir.....		1.902.729	3.782.284
Aðrar skammtímaskuldir.....		14.199.885	14.540.958
<b>Skuldir samtals</b>		<u>21.935.947</u>	<u>22.326.919</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>81.894.981</u></u>	<u><u>81.955.508</u></u>

# Skýringar

## 1. Staðlaráð Íslands

Staðlaráð Íslands (Staðlaráð) er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Ráðið starfar á grundvelli laga nr. 36/2003 um Staðla og Staðlaráð Íslands. Þá hefur Staðlaráð í samræmi við framangreind lög, sett sér starfsreglur, sem staðfestar hafa verið af ráðherra.

Innan Staðlaráðs Íslands starfa eftirfarandi fagstaðlaráð:

Fagstaðlaráð í upplýsingatækni  
Fagstaðlaráð í fiskimálum  
Byggingastaðlaráð  
Rafstaðlaráð

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð í íslenskum krónum. Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs.

### Innlausn tekna

Tekjur eru skráðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og reikningsskilareglur, þ.e. við afhendingu vöru og þjónustu.

### Aðrar reikningsskilaaðferðir

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði árslutareikningsins eru tilgreindar í viðeigandi skýringum hér á eftir.

## 3. Afkoma rekstrareininga

Afkoma rekstrareininga á árinu 2021 og eignir, eigið fé og skuldir í árslok greinast með eftirfarandi hætti:

	Fagstaðlaráð upplýsinga- tækni	Byggingar- staðlaráð	Raf- staðlaráð	Fagstaðlaráð í fiskimálum	Staðlaráð Íslands	Samtals
Tekjur.....	19.854.075	5.396.626	12.182.510	938.500	120.469.515	158.841.226
Þjónusta Staðlaráðs Íslands....	-8.728.500	-6.796.500	-4.892.100	-172.500	20.589.600	0
Annar kostnaður.....	-12.633.526	-204.501	-2.711.108		-142.940.839	-158.489.974
Fjármagnstekjur.....	40.760	4.759	4.661	16.240	55.245	121.665
Fjármagnsgjöld.....	-8.967	-1.047	-1.025	0	-131.443	-142.482
Afkoma ársins.....	-1.476.158	-1.600.663	4.582.938	782.240	-1.957.922	330.435
Eignir 31.12.2021.....	9.129.127	8.917.884	16.471.450	6.199.401	41.177.119	81.894.981
Eigið fé 31.12.2021.....	9.129.127	8.917.884	16.471.450	6.199.401	19.241.172	59.959.034
Skuldir 31.12.2021.....	0	0	0	0	21.935.947	21.935.947



## Skýringar

### 4. Tekjur

Staðlaráð hefur gert þjónustusamning við Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið um framlag til starfseminnar, sem ákveðið er í fjárlögum hvers árs. Þá tekur samningurinn einnig til greiðslu árlegra aðildargjalda ráðsins að erlendum staðlasamtökum. Gildistími samningsins er frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2022.

Tekjur greinast með eftirfarandi hætti:

	2021	2020
<b>Framlög á fjárlögum</b>		
Framlög á fjárlögum, skv. þjónustusamningi.....	70.000.000	70.000.000
<b>Önnur framlög</b>		
Framlög ANR vegna erlendrar aðildar, skv. þjónustusamningi.....	11.364.669	12.326.086
Framlag ANR vegna heimasíðugerðar.....	0	9.600.000
Framlög hagsmunaaðila fyrir stöðlunarstörf.....	23.907.982	22.816.000
Framlög Póst og Fjarskiptastofnunar.....	900.000	900.000
	<u>36.172.651</u>	<u>45.642.086</u>
<b>Aðildargjöld</b>		
Aðildargjöld.....	17.417.000	15.109.000
	<u>17.417.000</u>	<u>15.109.000</u>
<b>Sölutekjur</b>		
Seldir staðlar.....	28.977.291	26.813.673
Rafmagnsöryggispakkinn.....	3.275.678	1.246.677
Námskeið.....	2.285.000	4.826.904
Aðrar sölutekjur.....	713.606	126.640
	<u>35.251.575</u>	<u>33.013.894</u>
	<u>158.841.226</u>	<u>163.764.980</u>

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast með eftirfarandi hætti:

	2021	2020
Laun .....	76.418.235	68.447.198
Lífeyrissjóður.....	9.661.082	8.502.334
Önnur launatengd gjöld.....	5.529.038	6.308.987
Annar starfsmannakostnaður.....	4.278.630	3.618.177
	<u>95.886.985</u>	<u>86.876.696</u>
Meðalfjöldi starfsmanna.....	6,5	6,5

### 6. Tekjuskattur

Í samræmi við 4. grein laga nr. 90/2003 um tekjuskatt greiðir Staðlaráð Íslands ekki tekjuskatt.

## Skýringar

### 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast með eftirfarandi hætti:

	<u>Áhöld og tæki</u>
<b>Breytingar varanlegra rekstrarfjármuna á árinu 2021</b>	
Keypt á árinu .....	2.822.969
Afskriftir ársins.....	-988.039
	<u>1.834.930</u>
Afskriftarhlutföll.....	35%

Vátryggingarfjárhæð áhalda og tækja nemur kr. 29 milljónum.

### 8. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

### 9. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af peningum í sjóði og óbundnum bankareikningum.

### 10. Eigið fé

Á aðalfundi Staðlaráðs Íslands á árinu 2005, var tekin sú ákvörðun að mynda varasjóð, sem næmi allt að 15 milljónum króna. Tveimur þriðju hlutum varasjóðsins er ætlað að vera almennur varasjóður, en þriðjungi hans er ætlað að vera tímabundin fjármögunun til einstaka fagstaðlaráða innan Staðlaráðs Íslands, vegna verkefna sem þau hafa tekist á hendur, en enn hefur ekki verið lokið við fjármögnun á. Tillög í framangreindan varasjóð, sem og ráðstafanir úr honum eru samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	<u>Varasjóður</u>	<u>Óráðstafað eigið fé</u>	<u>Samtals</u>
Eigið fé 1.1. 2020 .....	10.633.333	42.174.298	52.807.631
Afkoma ársins 2020.....	0	6.820.958	6.820.958
Tillag í varasjóð.....	<u>2.000.000</u>	<u>-2.000.000</u>	<u>0</u>
Eigið fé 31.12.20120.....	12.633.333	46.995.256	59.628.589
Afkoma ársins 2021.....	0	330.445	330.445
Tillag í varasjóð.....	<u>2.366.667</u>	<u>-2.366.667</u>	<u>0</u>
Eigið fé 31.12.2021.....	<u>15.000.000</u>	<u>44.959.034</u>	<u>59.959.034</u>



## Skýringar

### 10. Eigið fé, framhald

Óráðstafað eigið fé skiptist með eftirfarandi hætti á starfandi fagstaðlaráð innan Staðlaráðs Íslands:

	Fagstaðlaráð upplýsinga- tækni	Fagstaðlaráð í fiskimálum	Byggingar- staðlaráð	Raf- staðlaráð	Staðlaráð Íslands	Óráðstafað eigið fé Samtals
Óráðst. eigið fé 1.1. 2021.....	10.605.285	5.417.161	10.518.547	11.888.512	8.565.751	46.995.256
Tillag í varasjóð 2021.....					-2.366.667	-2.366.667
Afkoma ársins 2021.....	-1.476.158	782.240	-1.600.663	4.582.938	-1.957.912	330.445
Óráðst. eigið fé 31.12. 2021...	9.129.127	6.199.401	8.917.884	16.471.450	4.241.172	44.959.034

### 11. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

### 12. Önnur mál

Ráðið hefur gert samning um húsaleigu og er hann til 15 ára. Samningurinn rennur út á árinu 2023. Leigugreiðsla samkvæmt samningnum á árinu 2021 var 14,7 milljónir króna. Framtíðarleigugreiðslur eru verðtryggðar.

Ráðið hefur keypt aukakostnaðartryggingu vegna bruna-, þjófnaðar og vatnstjóns og nemur bótafjárhæðin allt að 5,5 millj. króna í árslok.

## Sundurliðanir 2021

	2021	2020
<b>Efni og aðkeypt vinna</b>		
Aðkeypt þjónusta vegna staðlagerðar.....	15.397.443	15.284.433
Aðkeypt þjónusta vegna kennslu.....	1.843.599	1.000.940
Aðildargjöld að fagfélögum.....	11.528.199	12.696.406
Birgðabreyting.....	69.350	846.740
	28.838.591	29.828.519
 <b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun .....	76.418.235	68.447.198
Lífeyrissjóður.....	9.661.082	8.502.334
Tryggingagjald.....	5.346.966	4.980.499
Reiknað orlof.....	182.072	1.328.488
Félagsgjöld.....	1.874.190	1.640.140
Bifreiðastyrkir.....	1.575.624	1.483.511
Menntun og námskeið.....	346.800	70.000
Tryggingar starfsfólks.....	126.576	31.310
Annars starfsmannakostnaður.....	355.440	393.216
	95.886.985	86.876.696
 <b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Húsaleiga .....	14.729.116	14.275.423
Viðhald og rekstur húsnæðis.....	3.429.321	3.056.825
Rekstur tölvubúnaðar og símkerfa.....	4.163.990	4.721.398
Gjaldfærð áhöld, tæki og innréttingar.....	312.684	821.393
Áhaldaleiga.....	0	107.924
Bækur, pappír, prentun og ritföng.....	209.748	386.191
Póstburðargjöld.....	372	141.055
Ýmis bankakostnaður.....	503.063	383.232
Endurskoðun og reikningsskil.....	1.341.438	732.317
Kostnaður vegna heimasíðugerðar.....	2.282.602	11.368.727
Önnur aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	2.092.565	863.978
Vátryggingar.....	214.348	302.301
Auglýsingar.....	437.195	705.678
Gjafir.....	439.169	687.668
Styrkir.....	0	292.000
Ferðakostnaður.....	101.573	9.895
Ráðstefnur.....	108.445	0
Dagpeningar.....	108.851	244.112
Aðkeyptur akstur.....	110.330	221.067
Rekstur kaffistofu.....	1.604.243	1.026.252
Aðrar kaffiveitingar.....	506.175	107.716
Annar ósundurliðaður kostnaður.....	81.131	173.519
	32.776.359	40.628.671





Íslenskir staðlar